

ÁGRIP

Áhrif innleiðingar deilibíla á ferðavenjur og bílaeign

Daði Baldur Ottósson, Ásmundur Jóhannsson

Október 2020

Mikilvægur liður í að auðvelda íbúum að lifa án einkabílsins (eða draga úr þörf fyrir fleiri en einn bíl á heimili) er aðgengi að deilibílum. Hraðari vöxtur deilibíla getur því verið mikilvægur liður í því að ná markmiðum um breyttar ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að einkabílaeign hefur mikil áhrif á ferðavenjur en að meðaltali er um 1,7 bíll á hverju heimili innan höfuðborgarsvæðisins skv. nýjustu ferðavenjukönnun (2019).

Deilibílaþjónusta á höfuðborgarsvæðinu hefur verið aðgengileg í tiltölulega stuttan tíma samanborið við erlendar borgir en deilibílaþjónustan Zipcar hóf rekstur hér á landi haustið 2017. Árið 2018 hófst svo samstarf á milli Zipcar og Strætó þar sem árskorthafar Strætó geta fengið fría áskrift (og klukkustundarnotkun) með Zipcar.

Tilgangur þessa rannsóknarverkefnis er að meta áhrif sem deilibílaþjónusta hefur á ferðavenjur og bílaeign íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmd var viðhorfskönnun meðal meðlima deilibílaþjónustunnar Zipcar í september 2020 til að svara hvort og með hvaða hætti aðgengi að deilibílum hefur áhrif ferðavenjur og bílaeign.

Engar rannsóknir og/eða ferðavenjukannanir hérlandis hafa skoðað sérstaklega hvernig áhrif deilibílaþjónustu eru á ferðavenjur og bílaeign á höfuðborgarsvæðinu. Er þessi rannsókn því sú fyrsta sem varpar ljósi á áhrifin hér á landi.